

**Fundargerð 70. aðalfundar  
SFR  
28. mars árið 2009**

70. aðalfundur SFR var haldinn að Grettisgötu 89, laugardaginn 28. mars 2009 og hófst kl. 13:00. Samkvæmt mætingarlista sem var látinn ganga á fundinum voru fundarmenn 55 talsins (**fskj. 0**).

**Árni Stefán Jónsson** formaður SFR setti fundinn og bar upp tillögu um starfsmenn hans. Var hún einróma samþykkt. Óskar Þór Vilhjálmsson og Jóhanna Vilhjálmisdóttir voru kjörnir fundarstjórnar, fundarritarar voru Gísli A. Bjarnason og Sólveig Jónasdóttir.

Jóhanna Vilhjálmisdóttir þakkaði traustið og tók við stjórn fundarins. Hún bar fyrst upp til samþykktar fundargerð síðasta aðalfundar. Var hún samþykkt. Að því loknu var gengið til dagskrár. Fyrst á dagskrá var skýrsla stjórnar og lagði fundarstjóri til að skýrsla stjórnar og ársreikningar yrðu kynntir og að þeim kynningum loknum yrðu umræður um hvort tveggja í senn. Sú tillaga var samþykkt með lófaklappi.

## 1. Skýrsla stjórnar

Árni Stefán Jónsson formaður SFR flutti skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2008-2009. (**fskj. 1 SFR 2008-2009, og fskj. 1.1 Skýrsla formanns fyrir starfsárið 2008, handrit**). Hann tók fram að skýrsla stjórnar miðast ýmist við almanaksárið eða starfsárið. Ennfremur að skýrsla stjórnar hefði verið send félagsmönnum og lægi fram á fundinum, auk þess em hana mætti finna á vef félagsins. Hann tók fram að þess vegna myndi hann stikla á stóru og tiltaka einungis ákveðna þætti sem honum þætti ástæða til að taka út úr en vísaði að öðru leyti til prentaðrar skýrslu.

Árni minnti fundarmenn á yfirstandandi afmælisár en SFR á 70 ára afmæli á árinu. Afmælisnefnd hefur verið starfandi undanfarið ár en efnahagskreppan hefur truflað störf hennar síðustu mánuði. Það hefði verið erfitt að ákveða hvort slá ætti upp stórum afmælisfagnaði á afmælisárinu í yfirstandandi kreppu eða láta afmælið fara lágt. Niðurstaða nefndarinnar væri sú að afmælisins yrði minnst með nokkrum atburðum í stað einnar stórrar afmælisveislu. Í sumar mun verða skipulögð fjölbreytt fjölskylduskemmtun í háskólabíói eða sambærilegum stað, þá yrði haldin jafnréttisráðstefna á árinu, þar sem skoðuð yrðu jafnt málefni kvenna og karla og að lokum yrðu smærri atburðir til að minnast afmælisins m.a. í tenglum við trúnaðarmannaráðsfundi o.fl.

Þá rakti Árni breytingar á stjórn félagsins frá síðasta aðalfundi og breytingar á mannahaldi á skrifstofu auk þess sem greindi frá auknu álagi á skrifstofu félagsins.

Á síðasta aðalfundi var kosin ný stjórn. Friðrik Atlason, Guðrún Bjarnadóttir, Guðmundur Garðar Guðmundsson, Halldóra Guðmundsdóttir, Kolbrún Kristinsdóttir, Olga Gunnarsdóttir, Ólafur Hallgrímsson, Páll Svavarsson, Védís Guðjónsdóttir sem var kosin varaformaður og Ína Halldóra Jónasdóttir var kosin ritari stjórnar.

Árni Stefán sagði árið 2008 hafa verið óvenjulegt á margan hátt. Engan gat órað fyrir stöðunni sem nú er í efnahagsmálunum og hefur starf félagsins hefur tekið mið af ástandinu síðasta hluta ársins. Einstaklingsmál hefur aukist og álag á starfsfólk hefur verið mikið. Alma Jóhannesdóttir hafi verið ráðin í byrjun árs 2008 sem umboðsmaður trúnaðarmanna. Mikil

vinna var lögð í vinnu við tengslanet trúnaðarmanna og hafi það tekist sérstaklega vel til. Þá hafi frjósemi á skrifstofunni einnig verið mikil. Bæði Guðný Elísabet Leifsdóttir fjármálastjóri og Jóhanna Þórdórsdóttir fræðslustjóri hafi farið í fæðingarorlof og báðar fætt stúlkubörn. Tveir afleysingarstarfsmenn voru því við störf á skrifstofunni á tímabilinu, svo sérkennilega vildi til að þær heita báðar Sólveig Jónasdóttir. Guðný er komin aftur til starfa en Jóhanna er enn í fæðingarorlofi.

Árni nefni það að SFR – blaðið hafi átt 50 ára afmæli á árinu. Blaðið dafnar vel og er gefið út í 8-9000 eintökum og sýna kannanir að það er ágætlega lesið.

Kjarasamningar voru lausir á árinu og miklar blikur voru þá á lofti og spár um hrun efnahagslífsins komnar á kreik. Stýrivextir voru í hæstu hæðum og kjör slæm. SFR fór fram á stuttan kjarasamning til eins árs ásamt BSRB félögum. Mikil andstaða var fyrir þessa leið því fyrr á árinu hafði ASÍ og SA gengið frá samningi til þriggja ára. Árni fullyrti að þessi leið hafi verið til heilla og hefði ekki verið farin nema SFR hefði tekið frumkvæði í þeirri umræðu. Kjarasamningarnir skiluðu mun betri árangri en hafði gerst á almenna markaðinum eða að jafnaði um 9,3% hækkun. Samningur gildi til loka mars 2009, en samningsforsendur hafi breyst á árinu og var kjarasamningi því frestað fram yfir kosningar og er reiknað með að kjarasamningi ljúki fyrir júnílok 2009.

Fyrir utan samninga við ríkið og sjálfseignastofnanir, var gengið frá kjarasamningum við Matís ohf, RARIK ohf, Fríhöfnina ehf. og bráðarbirgðasamning við Keflavíkurflugvöll ohf.

Á árinu hafi verið gerð hin árlega könnun á hver væri Stofnun ársins auk launakönnunarinnar. Skattranssóknarstjóri sigraði í hópi stærri stofnana í annað sinn og Ríkisskattstjóri í hópi minni stofnana. Launakönnunin leiddi í ljós að heildarlaun hafi hækkað að meðaltali um 11% en verulegur launamunur er enn á milli kynjanna.

Fræðslustarf félagsins í heild sinni hefur aukist verulega á síðustu árum. Á það bæði við um þau námskeið sem félagið sjálf er að bjóða upp á og einnig starfsemi Fræðslusetursins Starfsmenntar sem SFR er stærsti aðilinn að. Í fræðslustarfi félagsins er verið að bjóða upp á nýja og spennandi hluti. Boðið var upp á síðdegisfróðleik og hádegisfróðleik sem voru vel sótt af félagsmönnum. Einnig var aukið verulega við námskeiðsframboðið á vorönn 2009 til að koma til móts við félagsmenn í versnandi árferði og hefur því verið tekið vel af félagsmönnum.

Starfsemi Starfsmenntar jókst á árinu og hlutu þau starfsmenntaverðlaun Starfsmenntaráðs sem forseti Íslands afhenti hér í þessum sal.

Sjóðir félagsins störfuðu á árinu eins og venjulega. Félagið rekur sjálf þrjá sjóði, Styrktar- og sjúkrasjóð, Starfsmenntunarsjóð og Orlofssjóð. Einnig á SFR þátt í öðrum sjóðum, t.d. Þróun- og símenntunarsjóður SFR sem er rekinn með fjármálaráðuneytinu og síðan gerðist BSRB aðili að starfsendurhæfingarsjóðnum eftir síðustu kjarasamninga. Það er nýr sjóður sem á að aðstoða einstaklinga sem lenda í langtíma veikindum, til að ná sem fyrst starfsorku aftur með

endurhæfingarúrræðum. Í síðustu kjarasamningum var samið um aukið framlag til Styrktar- og sjúkrasjóðs og sjóðurinn tók líka við verkefni fjölskyldusjóðs BSRB með að greiða fæðingarstyrk. Framlagið í sjóðinn er nú 0,75% og er sjóðurinn nú orðin vel sambærilegur sjóðum á almenna markaði en þar er greitt 1% í Sjúkrasjóðina en starfsmenn eiga rétt á mun minni veikindarétt frá atvinnurekendum en ríkisstarfsmenn eiga.

Starfsmenntunarsjóður úthlutaði 1071 styrk á árinu. Þær breytingar voru gerðar á úthlutunarreglum sjóðsins að nýjum styrktarflokki, lífsleikni, var bætt við. Var þeirri nýjung tekið mög vel af félagsmönnum.

Breytingar voru gerðar á Orlofssjóði. Tekin var upp rafræn skráning, bætt var við íbúð á Akureyri og orlofsávísanir voru í boði í fyrsta skipti. Stærst var þó líklega breytingin sem gerð var á eignarhaldi í Munaðarnesi, Stóru Skógum og Eiðum. Orlofsheimilasjóður var lagður niður en eignirnar færðar inn í sérstakan Eignarsjóð BSRB. Reksturinn og varanlegur nýtingarréttur var hins vegar færður til einstakra félaga sem mynda nú sérstakt rekstrarfélag kringum rekstur svæðanna í Munaðarnesi og Eiðum. Ólafur Hallgrímsson er formaður þess. Með breytingunni fækkaði húsum sem SFR hefur aðgang að. Áætlað er að gera verulegar breytingar á húsunum í Munaðarnesi á næstu misserum svo þau standist sömu kröfur og önnur orlofshús SFR.

Árni sagði að í dag væru 6-8 fagfélög starfandi innan félagsins. Félag ráðgjafa og stuðningsfulltrúa var endurvakið á árinu en starfsemi þess hafði legið niður um tíma. Þá væri líflegt starf í lífeyrisþegadeildinni. Þar bættust tveir nýir stjórnarmenn bættust við á árinu eða þau Sigurlaug Straumland og Eyjólfur Magnússon. Formaður deildarinnar sem fyrr er Jarmíla Hermansdóttir.

Mikil vinna hefur verið lögð í að treysta trúnaðarmannakerfi SFR á árinu enda eru trúnaðarmenn, sem eru 240 talsins, afar mikilvægir starfinu. Trúnaðarmenn og stjórn félagsins mynda trúnaðarmannaráð sem heldur mánaðarlega fundi yfir veturinn. Þessir fundir eru yfirleitt mjög vel sóttir en á fundunum eru tekinn fyrri bæði félagsleg málefni og svo þjófélagsmál enda litið þannig á að hluti af þroska trúnaðarmannsins í starfi sé fólgin í því að vera vel upplýstur um samfélagsmál ekki síður en um önnur félagsleg málefni félagsins.

Sérstakur starfsmaður, Alma Jóhannesdóttir var ráðinn tímabundið til að vinna að þróunarverkefni varðandi trúnaðarmenn. SFR fékk úthlutað styrk úr mannauðssjóði BSRB til þessa verkefnis sem endaði í að komið var á fót sérstökum tengslanetum trúnaðarmanna. Þessi tengslanet eru nú um 19 talsins. Tengslanetin eru hugsuð sem vettvangur skoðanaskipta og til þess að dýpka umræður, auk þess að koma á tengslum á milli trúnaðarmanna og styrkja þá í sínu starfi. Reynslan nú þegar af þessari nýjung er mjög góð og gert er ráð fyrir að þetta fyrirkomulag sé komið til að vera. Til að sýna m.a. að trúnaðarmenn eru mikilvægir félaginu, þá hefur sá síður komist á að velja trúnaðarmann ársins hverju sinni

á aðalfundi. Á síðasta aðalfundi hlotnaðist Magneu Bjarnadóttur trúnaðarmanni á Skattstofu Suðurlands þessi heiður og svo kemur í ljós hér á eftir hver verður fyrir valinu að þessu sinni.

Þó nokkrir morgunverðarfundir voru haldnir á árinu og eru þeir orðnir mikilvægir til að ná til félagsmanna. Miklar og fjörugar umræður skapast á þessum fundum um þjónustu félagsins og kaup og kjör.

SFR hefur lagt áherslu á að halda góðu sambandi við systrafélög sín á norðurlöndunum og sóttu fulltrúar félagsins ráðstefnu NSO í Svíþjóð á árinu.

Að lokum rakti Árni það hvernig atburðir síðustu mánuði hefðu haft ýmis konar hliðarverkanir í SFR og BSRB, þegar formaður BSRB varð heilbrigðismálaráðherra, og Árni sjálfur varð að starfandi formanni BSRB. Mikið hafi verið um umsigir um lagafrumvarp og mikið um starf í ráðum og nefndum vegna hrunsins. Árni sagði sig hafa tekið við stjórnarsæti í LSR og öðrum skyldum sem Ögmundur hafði. Þetta hafi óneitanlega haft áhrif á skrifstofuna. Vegna hrunsins er nauðsynlegt að velta fyrir sér hvaða hlutverk SFR hafi í framtíðinni sagði Árni og varpaði m.a. fram spurningunni um lýðræði innan okkar vébanda og hvernig uppbyggingu þyrfti að vera háttað. Einnig sagði hann að eitt af því sem hafi verið ofarlega í umræðunni væru launamál stjórnenda, og því væri honum bæði ljúft og skylt að fara yfir þau:

Þeir sem sitja í stjórn félagsins fá greitt fyrir hvern stjórnarfund 7.912 kr. + 50 km sem gerir nú 4.600 = 12.512. Varaformaður og ritari fá að auki eingreiðslu á mánuði sem er 14.456 kr. Laun formanns og framkvæmdastjóra eru ákvörðuð af launanefnd sem stjórn SFR kýs sér, launanefndin semur við framkvæmdastjóra um laun hans á hverjum tíma. Til viðmiðunar eru höfð laun félaga í SFR sem eru í sambærilegum störfum. Samanburðurinn er mun auðveldari eftir að SFR fór að gera launakannanir. Þá er hægt að skoða laun stjórnenda í SFR og taka mið af þeim. Í síðustu launakönnun var þessi hópur með laun á bilinu 500.000 til 900.000 kr. heildarlaun. Laun framkvæmdastjóra SFR eru 412.270 þúsund. Hann fær greidda 68 tíma í yfirvinnu á mánuði (ca. 16 tímar á viku) sem gera 291.108 kr. Samanlagt 703.378 kr. Svo fær hann greitt fyrir not af eigin bifreið sem getur verið mismunandi alveg frá 24.800 upp í 37.000 á mánuði eftir því hvernig km-gjaldi er á hverjum tíma. Formaður félagsins tekur mið af þessum launum en fær 15% álag ofan á þau.

Ákveðið var af stjórn SFR að lækka ekki launin að svo stöddu en bíða frekar eftir niðurstöðu launakönnunar í haust. Árni tók það fram að stjórn SFR væri alltaf opin fyrir að endurskoða aðferðir við launaákvarðanir.

Árni Stefán sagðist hafa ákveðið að hafa skýrsluna styttri að þessu sinni en þakkaði gott hljóð og vísaði í prentaða skýrslu stjórnar.

## 2. Ársreikningar

Óskar fundarstjóri kynnti næstan í pontu Þórarin Eyfjörð, framkvæmdastjóra SFR sem fór yfir reikninga félagsins. Þórarinn rakti megin niðurstöður reikninga á glærum og vísaði í prentaða ársreikninga sem lágu frammi á fundinum (**fskj. 2 Ársreikningur 2008**).

### a) Félagssjóður (fskj. 2 bls. 3-9)

Þórarinn rakti rekstrartekjur og rekstrargjöld ársins 2008. Afkoma ársins var betri en síðasta ár en í jafnvægi við árið 2007. Þá gerði Þórarinn grein fyrir eignum félagsins og lánstöðu en tekið var samlán með BSRB félögunum til að gera upp húsnæði Félagamiðstöðvarinnar Grettisgötu 89 og var ákveðið að greiða upp lánið um áramót til að spara vaxtakostnað.

Laun og launatengd gjöld. Hækkun á biðreiðastyrkjum til stjórnar skýrist með tilvísun til vinnu við kjarasamninga. Fólk um allt land tekur þátt í þeirri vinnu og þarf oft að keyra langar vegalengdir í því sambandi.

Kostnaður við trúnaðarmannaráðsfundi lækkaði eilítið en kostnaður við námskeiðin Gott að vita jókst árið 2008. Árið 2007 segir Þórarinn að hafi verið undantekning, þá var dregið úr fræðslu. Metnaður SFR sé að hafa þennan lið (Gott að vita) háan.

Kostnaður við vinnustaðafundir jókst, sem er til bóta að mati Þórarins, enda þýðir það fleiri fundir.

Undir liðnum annað flokkast kostnaður við jólaball, jólaföndur o.fl.

Þá hurfu sérstök framlög vegna starfs ungra félagsmanna í SFR á árinu sagði Þórarinn. SFR hefur verið að reyna að efla það starf en ekki gengið. Uppskeran er engin og reyna þarf fleiri leiðir. Hann tók fram að hann undanskildi þá tvo ungu sem hann sá viðstadda á fundinum og uppskar við það hlátur fundarmanna.

Kostnaður við útgáfu stendur í stað. Þó útgjöldin hafi verið meiri þá hafi innkoma vegna auglýsinga verið meiri en áður.

Að öðru leyti er vísað til prentaðra reikninga (fskj. 2, bls. 3-9)

### b) Orlofssjóður (fskj. 2 bls. 15-21)

Orlofssjóður er með svipað útstreymi og innstreymi og þess vegna er hann svo til á núlli. Þórarinn sagði það mjög gott því þessi sjóður væri þess eðlis að það er gott ef hægt væri að skila honum á núlli á milli ára.

Eignir orlofssjóðs í fastafjármunum eru rúmar 143 milljónir. SFR reynir að hafa peningalega stöðu sjóðsins á 10 millj + um hver áramót. Það er hins vegar flókið að reka sjóðinn með þeim eignum sem þar eru. Viðhald þeirra er til dæmis ekki alls staðar eignfært.

Jafnvægi er í rekstri íbúðanna og eru þær allar á svipuðu róli, þ.e. tekjur slaga hátt upp í reglubundinn kostnað, ef ekki er tekið inn í viðhaldskostnaður. Viðhald er á mörgum húsanna og íbúðanna í ár. Þessar tölur sýna hversu mikilvægt var að gera breytingar á eignarhaldi í Munaðarnesi sem raktar voru hér áðan.

Þá talaði Þórarinn um þær eignir sem SFR leigir þetta starfsár. Hann sagði aukinn kostnað vera af leigu íbúðar í Kaupmannahöfn sem skýrist fyrst og fremst af gengisbreytingum. SFR hefur fækkað íbúðum í Kaupmannahöfn um eina, og því er ein í útleigu í ár. Að ári mun síðan verða endurmetið hvort nauðsynlegt sé að auka við aftur eða jafnvel hætta alveg leigu í Kaupmannahöfn.

Að öðru leyti er vísað til prentaðra reikninga (fskj. 2, bls. 15-21)

### **c) Starfsmenntunarsjóður (fskj. 2, bls. 27-33)**

Þórarinn rakti rekstra- og efnahagsreikning Starfsmenntunarsjóðs og sagði afkoma ársins betri en í fyrra eða rúmlega 23 milljónir. Hann minntist á athugasemd frá trúnaðarmannaráðsfundi þar sem spurt hefði verið um það hvort ekki þyrfti að endurskoða eignir í starfsmenntunarsjóðnum, auka útstreymið. Eðli sjóðsins væri að greiða út, en ekki safna fé.

Að öðru leyti er vísað til prentaðra reikninga (fskj. 2, bls. 27-33)

### **d) Styrktar- og sjúkrasjóður (fskj. 2, bls. 35-41)**

Þórarinn rakti stöðu sjóðsins og minnti á að Styrktar- og sjúkrasjóður hafi fengið lán frá Félagssjóði meðan verr stóð á. Ákvörðun frá stjórn sjóðanna liggur fyrir um að láta þetta lán liggja kynnt enn um sinn og endurgreiða ekki strax. Sjóðurinn er í miklum breytingarfasa, sagði Þórarinn en sagði ennfremur að hann gengi betur nú en áður. Breyting urðu um áramót þegar sjóðurinn tók við því hlutverki Fjölskyldu- og styrktarsjóðs BSRB að greiða félagsmönnum fæðingarstyrki. Þá fóru tekjurnar einnig úr 0,37 í 0,75%. Næstu 2-3 ár verða notuð til þess að stilla sjóðinn af.

Að öðru leyti er vísað til prentaðra reikninga (fskj. 2, bls. 35-41)

### **e) Vinnudeilusjóður (fskj. 2, bls. 43-49)**

Þórarinn rakti stöðu sjóðsins en afkoma ársins er ágæt eða rúmar 112 milljónir. Það er góð breyting frá því í fyrra, sagði Þórarinn, sérstaklega hvað varðar tekjurnar. Hann varaði þó við því að ekki væri þó meira en svo að verið væri að halda sjó í fjármunum og tekjum og því mætti sjóðurinn ekki við mjög miklu.

Að öðru leyti er vísað til prentaðra reikninga (fskj. 2, bls. 43-49)

Þórarinn sagði að félagið gæti verið ánægð með hvernig til hafi tekist með fjárstýringu á árinu. Það voru gerðar róttækar breytingar árið 2007 og 2008 á stýringu fjármuna félagsins

og samið um vörslu fjár við 4 banka. Á fyrrihluta árs 2008 var féð sett í peningamarkaðssjóðsbréf. Eignasöfnin voru vel vöktuð og því hafi tekist að bjarga því stærstum hluta þeirra í bankahruninu, sem er önnur saga en hjá mörgum öðrum félögum.

Þórarinn greindi frá því að síðustu vikuna í september hafi SFR flutt alla peninga úr peningamarkaðssjóðum í verðtryggða reikninga, innlán og ríkistryggða pappíra. Þannig tókst að komast hjá tapi upp á um 200 milljónir ef ekkert hefði verið að gert. Hann sýndi glæru með ávöxtun sjóða framan af árinu og einnig ávöxtun ríkisskuldabréfa, bankainnistæða auk verðtryggðra reikninga.

Ávöxtunin á þeim hluta sem sett var í banka hélt áfram, en fjármunir voru einnig á flakki þennan tíma milli banka og mismunandi ávöxtunarleiða og nutu þá ekki eins mikillar ávöxtunar á meðan. Ríkisskuldabréfasjóðir voru ekki að skila mikilli ávöxtun á síðari hluta ársins þannig að raunávöxtun ársins var um -2% . Segja má að það hafi verið það gjald sem þurfti að greiða að koma fjármuninum inn í öruggt skjól ríkisskuldabréfa.

Í tveimur bankastofnunum þurfti að skilja eftir ákveðnar upphæðir. Tap bankahruninu varð því rétt um 4 milljónir í öllum sjóðunum samanlagt, eða um það bil 0,6 % í stað 22% taps eins og þekkist hjá öðrum sjóðum.

Þórarinn lauk máli sínu með því að þakka félagskjörnum endurskoðendum félagsins. Hann sagðist hafa gleymt því á aðalfundinum í fyrra og heitið því að láta það ekki gerast aftur. Þau hefðu staðið sig mjög vel, verið nákvæm og snögg og hefðu gert bæði framkvæmdastjóra og fjármálastjóra lífið leitt með afar nákvæmri skoðun, eins og vera ber.

Að öðru leyti er vísað í prentaða ársreikninga (**fskj. 2**)

Óskar fundarstjóri opnaði fyrir umræður um ársskýrslu og ársreikninga og bauð fundarmönnum að koma með fyrirspurnir og athugasemdir.

**Ari Thorarensen** bað um orðið og þakkaði góðar skýrslur og sagðist stoltur af félaginu sínu og starfsemi þessi. Hann og bauð fólki að klappa fyrir formanni og framkvæmdastjóra.

**Anna Atladóttir** tók undir með Ara en varpaði þeirri spurningu til Þórarins hvort bankarnir hafi reynt að telja honum hughvarf þegar hann hafi breytt inneignum félagsins í ríkisskuldabréf.

**Þórarinn Eyfjörð** svarar því til að ef til væri ekki ástæða nú til að velta sér mikið upp úr þeim samskiptum núna. En þó var saga úr einum bankanum sem við höfðum sérstakar áhyggjur af. Hann hafi verið í stöðugu sambandi við sjóðsstjóra frá júlí 2008 og verið að velta fyrir sér stöðu sjóðsins og eignasamsetningu. Alltaf fengust þau svör að best væri að láta inneignir óhreyfðar. Tilfinningin hafi þó sagt honum annað og því fór hann í lok september beint til bankastjóra og færði inneignir í viðkomandi sjóði í innlánsreikninga og verðtryggða reikninga.

Spurt var um hvort orlofshúsin hefðu verið seld á markaðsverði og hvort þau hefðu verið auglýst til sölu?

**Árni Stefán Jónsson** svaraði því til að sala á húsunum í Stóru Skógum hefði ekki farið fram. Þau væru eru eign eignarsjóðs BRSB og meiningin væri að selja húsin til félaganna eða jafnvel einstaklinga. Það þyrfti fyrsta að skilgreina hvert hús sem fasteign og lóðina með og síðan ætti að auglýsa þau til sölu. Menn væru að velta fyrir sér hvenær rétti tíminn væri. Þau myndu eflaust seljast ódýrt, þau væru bæði gömul og ekki vel með farin. Margir væru búnir að lýsa yfir áhuga en þau yrðu væntanlega auglýst meðal félagsmanna. Hann tók fram að húsin væru á leigulóð.

Að svari loknu bað Árni endurskoðendurna eitilhörðu til að standa upp og bað fundarmenn um að klappa aftur fyrir þeim. Þá hrósaði hann Þórarni framkvæmdastjóra og sagði hann standa sig afar vel. Þórarinn hafi verið orðinn afar stressaður í haust og hafi að lokum komið inn á skrifstofu til Árna og sagt að nú skyldu þeir færa sjóðina. Árni hafi strax samþykkt enda treyst Þórarni vel og hafi það sýnt sig að það borgaði sig. Árni sagði það nánast kraftaverk að tekist hafi að bjarga þannig fjármunum félagsins. Fundarmenn klöppuðu aftur fyrir Þórarni.

Óskar fundarstjóri bar ársskýrslu stjórnar og ársreikninga upp til atkvæðagreiðslu og voru þeir samþykktir með lófaklappi.

### **3. Lagabreytingar**

Jóhanna Vilhjálmisdóttir tók við sem fundarstjóri og kynnti að næst á hefðbundinni aðalfundardagskrá væru lagabreytingar. En þar sem engar lagabreytingar hefðu borist þá félli þessi liður niður, sjálfafgreiddur.

### **4. Kosnir skoðunarmenn og löggiltur endurskoðandi**

Jóhanna kynnti tillögu uppstillingarnefndar um skoðunarmenn og löggiltan endurskoðanda og kallaði eftir fleiri framboðum sem ekki bárust.

Tillaga uppstillingarnefndar um aðalmenn var samþykkt með lófaklappi og einnig tillaga um varamenn. Þá var tillaga um löggiltan endurskoðandi samþykkt með lófaklappi.

Kosnir skoðunarmenn: Eyjólfur Magnússon (Umhverfisstofnun) og Sigríður Jakobsdóttir (Siglingastofnun).

Til vara: Ólafur Loftsson (Fangelsismálastofnun) og Ólafía K. Sigurgarðsdóttir (Lögreglustjóri Höfuðborgarsvæðisins).

Kosinn löggiltur endurskoðandi: Rögnvaldur Dofri Pétursson

## 5. Ákvörðun um iðgjald og skiptingu milli sjóða

Engar breytingartillögur bárust fundinum, en allar breytingartillögur þurfa að hafa borist með fyrirvara. Iðgjald er því óbreytt. Þórarinn minnti fundarmenn ennfremur á að hið eiginlega félagsgjald í SFR væri 0,87% og þegar menn eru að bera saman félagsgjald milli félaga þá er það ekki hátt. Það sem upp á vantar upp í 1,1% væri ákvörðun aðalfundar á sínum tíma um uppbyggingu vinnudeilusjóðs.

Óskar fundarstjóri minnti fundarmenn á að bæta nafni sínu á mætingalista sem gengi á milli manna í salnum.

## 6. Kosið í stjórn styrktar- og sjúkrasjóðs

Óskar kynnti tillögu uppstillingarnefndar og óskaði eftir fleiri tillögum.

Þrír ganga úr stjórn sjóðsins nú, en það eru þær Katrín G. Einarsdóttur, Magnea Bjarnadóttir og Vilborgu Andrésardóttir.

Tillaga uppstillingarnefndar: Gréta Húnfjörð Sigurðardóttir (LSH), Karl Valdimarsson (TR), Sigurlaug Sveinbjörnsdóttir (Vinnumálastofnun), Hildur Gunnarsdóttir (Biskupsstofa) og Jóhanna Lára Óttarsdóttir (Sýslumaðurinn í Reykjavík)

Magnea Bjarnadóttir spurði hvort í tillögum uppstillingarnefndar væru engir af landsbyggðinni en tók þó fram að sér litist vel á fólkið á listanum, þar færi ágætisfólk.

Árni þakkaði Magneu fyrir þessa fyrirspurn og útskýrði að uppstillingarnefnd væri komin úr stjórn félagsins og hana skipuðu þau Páll Svavarsson og Olga Gunnarsdóttir. Það væri hlutverk uppstillingarnefndar að koma með tillögum. Hann sagðist sammála um að nauðsynlegt að taka alls staðar tillit til landsbyggðarinnar. Hann varpaði því spurningunni áfram til Olgu Gunnarsdóttur. Olga sagði að það hefði verið skoðað og hefðu sjónarmið þeirra verið þau að reyna að hafa hópinn sem breiðastan. Tillagan var samþykkt með lófaklappi og kynnti Óskar að Védís Guðjónsdóttir, varaformaður SFR væri síðan skipuð í sjóðinn frá stjórninni.

Árni afhenti fráfarandi stjórnarfólki úr stjórn styrktar- og sjúkrasjóða að lokum blómvönd og þakkaði þeim vel unnin störf.

## 7. Fjárhagsáætlun lögð fram (fskj. 2 bls. 51)

Þórarinn Eyfjörð kynnti fjárhagsáætlun. Hann sagði áætlunina gerða með hefðbundnum hætti. Gerð hafi verið áætlun fyrir Félagssjóð og Orlofssjóð.

**Félagssjóður:** Gert væri ráð fyrir lækkun félagsgjalda og að félagsgjaldið til BSRB lækkaði þá að sama skapi.

Gert væri ráð fyrir tekjuafgangi upp á 13 milljónir, en jafnframt væri reiknað með að bætt væri í vegna kostnaðar við kjarasamninga, kostnaðar vegna félags- og fundastarfa og útgáfumála.

**Orlofssjóður:** Gert væri ráð fyrir því að endurleiga yrði svipuð og áður. Því væri væntanlega hægt að spá að ásókn í orlofshús yrði meiri og nýting betri síðasta sumar, en það væri hins vegar ekki farið að sjást ennþá og því væri það ekki inn í áætlun.

Jóhanna fundarstjóri bauð fólki að taka til máls undir þessum lið en enginn þáði. Fjárhagsáætlun var borin upp til atkvæðagreiðslu og samþykkt með handaruppréttingu, enginn á móti.

## **8. Ályktanir aðalfundar**

Védís Guðjónsdóttir, varaformaður SFR kynnti ályktanir og framtíðarsýn. Hún byrjaði á fara yfir framtíðarsýnina en prentað eintak hennar lá frammi á fundinum ásamt ályktunum. Védís kynnti engar breytingar á framtíðarsýninni utan næst síðustu málsgreinina þar sem bætt er inn orðinu hagsmuni sem tilvísun í það sem kallað er núna kynjuð hagstjórn.

Védís kynnti næst ályktun um kjara- og efnahagsmál og las fyrir fundarmenn. **(fskj 3)**

Védís kynnti næst ályktun um fjármálakreppuna og las fyrir fundarmenn. **(fskj 4)**

Védís kynnti næst ályktun um almannajónustu og las fyrir fundarmenn. **(fskj 5)**

Védís kynnti næst ályktun um skerðingu launa á Landspítala Háskólasjúkrahúsi og las fyrir fundarmenn. **(fskj 6)**

Síðan var opnað fyrir umræður um framtíðarsýn og ályktanir.

**Árni Stefán** lagði til breytingu á ályktunin um skerðingu launa í LSH. Ályktunin yrði stytta og endurorðuð; *Aðalfundur SFR 28. mars 2009 mótmælir harðlega aðgerðum Landspítala Háskólasjúkrahúss sem snúa að því að skerða launa félagsmanna sem eru með laun undir 300 þúsund krónum. Það hefur verið almennur skilningur í þjóðfélaginu og hefur SFR skilið það svo frá stjórnvöldum að það ætti ekki að skerða laun undir 300 þúsundum. Það sé ótækt að starfsmenn með ekki hærri laun sem þurfa að þola kaupmáttarskerðingu launa sinna eigi einnig að láta beina skerðingu launa yfir sig ganga.*

*Aðalfundur SFR krefst þess að stjórnendur LSH endurskoði ákvörðun sína og einnig beinir fundurinn því til heilbrigðisráðherra að beiti sér fyrir því að stöðva þessar óréttmætu aðgerðir.*

**Pjetur Hafsteinn Lárusson** lagði fram breytingu á ályktun um fjármálakreppuna að breyta eftirfarandi; „...nú þarf að leita lögformlegra leiða og stöðugleika ...“ í stað „...nú þarf að leita sátta og stöðugleika“, þ.e. taka sátta út úr ályktuninni.

**Olgeir Möller** kom með athugasemd við ályktun um lækkun vaxta. Hann væri í félagi eldri borgara og teldi að lækkun vaxta kæmi mjög illa við eldri borgara sem hefðu misst hlutabréfin sín og þyrftu að vernda innistæður sínar. Hann væri því á móti því að vextir á innistæðum lækki hjá eldri borgunum. Hann vildi einnig nefna að nefna að áður fyrr hefðu skerðingarákvæðin vegna skatta breyst úr 50% í 100% frá Tryggingastofnun ríkisins.

**Védís Guðjónsdóttir** benti á að dagsetningin 29. mars þyrfti að vera 28. mars í ályktuninni um LSH.

**Alma Jóhannesdóttir** útskýrði að með orðalaginu „sáttir og lögformlegar leiðir“ í ályktuninni um fjármálakreppuna væri verið að vísa til þess að aðilar og stjórnvöld eru að leita leiða til sátta og stöðugleika.

Olgeir Möller óskaði eftir svari frá formanni um athugasemd sína.

**Árni Stefán** lagði fram málamiðlunartillögu um breytingar á ályktunni um fjármálakreppuna, lagði til að orða þetta;–„... leita lögformlegra leiða, sátta og stöðugleika“.

Þá sagðist hann deila áhyggjum **Olgeirs** af þeim sem hefðu tapað hlutafénu sínu, sérstaklega svokölluðum smásparendum sem ekki áttu mikið. Hann skildi að það væri sárt fyrir þá sem hefðu tapað fjármunum. En meginmálið í því sem hér væri verið að ræða væri hins vegar áhyggjur af þeim sem væru að tapa húsnæðinu sínu. Vextir og verðtryggingin væru mjög há og væri að sliga fólk.

**Pjetur** fellst á breytingatillögur **Árna**.

**Olgeir** fékk orðið og vildi bæta við að hann hafi tapað heilmiklum hlutabréfum en hann væri ekki að tala um það heldur það að innistæður í bönkum þyrfti að verja. Margir hefðu litlar tekjur og lifðu á innistæðum í bönkum. Hann ræddi lítilla tillögur Framsóknarmanna um lækkun húsnæðislána, en spurði stjórnina hvar ætti að taka peningana.

**Óskar** fundarstjóri vísaði fyrirspurninni undir liðinn Önnur mál.

**Elín Bryndís Einarsdóttir** – sagðist vera orðin lífeyrisþegi og vissi hvað það væri að lifa af þeim launum. Það sem snéri að lífeyrisþegum væri verðtryggingin, ef kippa á verðtryggingunni úr sambandi þá værum lífeyrisþegar illa staddir því það er hún sem mælir laun lífeyrisþega. Hún sagðist vilja koma þessum punkti inn í umræðuna um verðtrygginguna.

Að lokum umræðum var hver ályktun var afgreidd fyrir sig:

Framtíðarsýn var lögð fyrir með breytingu (orðinu hagnunni bætt inn) og samþykkt með handaruppréttingu, enginn á móti.

Kjara og efnahagsmál var lögð fyrir óbreytt. Hún var samþykkt með handaruppréttingu, enginn á móti.

Ályktun um fjármálakreppuna var lögð fyrir með breytingatillögu Árna, þ.e. „... leita lögformlegra leiða, sátta og stöðugleika...“. Hún var samþykkt með handaruppréttingu, enginn á móti.

Ályktun um almannajónustu var lögð fyrir óbreytt. Hún var samþykkt með handaruppréttingu, enginn á móti.

Ályktun um umhverfismál var lögð fyrir óbreytt. Hún var samþykkt, enginn á móti.

Ályktun um skerðingu launa var lögð fyrir með breytingum. Hún var samþykkt, enginn á móti.

## **9. Trúnaðarmaður ársins**

Árni Stefán sagði gleðilegt að kynna trúnaðarmann ársins. Stjórnin hefði staðið frammi fyrir erfiðu vali því margir góðir trúnaðarmenn væru hjá félaginu. Að lokum væri þó alltaf einhvern sem stæði upp úr. Að þessu sinni er það Hafdís Björnsdóttir trúnaðarmaður hjá svæðisskrifstofu fatlaðra á Suðurlandi sem varð fyrir valinu sem trúnaðarmaður ársins 2009. Árni Stefán afhenti Hafdísu viðurkenningarskjal fyrir ötult og óeigingjarnt starf, ásamt gjafabréfi í orlofshús félagsins og bókjöf, sem að þessu sinni var bókin um Íslenska hestinn.

## **10. Önnur mál**

Olgeir ítrekaði spurningu sína til stjórnar hvar fá ætti peningana til að lækka húsnæðislán.

Þórarinn Eyfjörð svaraði fyrirspurninni og talaði m.a. um vexti, verðtryggingu og stýrivexti. Hann taldi vaxtastigið í landinu vera blóðsugu á atvinnulíf og einstaklinga og að það ættu allir að sameinast um að vona að vaxtastigið hrapí svo verðbólgan hjaðni. Það skipti engu hvort vaxtastigið á innistæðunum í bankabókunum væru 2 eða 17% þar sem það væru umfram vextir sem skipta máli. Raunavöxtun bókana myndi ekki fara niður þó vextir færu niður því það er verðbólgan sem ræður því.

Óskar bauð fundarmönnum að ræða fleiri önnur mál. Engin óskaði eftir því

Árni Stefán þakkaði fundarmönnum og fundarstjórum góðan fund. Hann taldi fundinum vera að ljúka snemma, sagði það enda markmiðið að stytta fremur fundi heldur lengja. Fundurinn

hefði verið góður. Árni ræddi möguleikann á því að breyta fundartíma í seinniparts fund á næsta ári. Hann bauð að lokum fundarmönnum góða helgi og sleit fundi formlega kl. 15:25.